

**Nd.**

**172. Tillaga**

til þingsályktunar um lánveitingar úr Ræktunarsjóði.

Flutningsm.: Jón A. Jónsson og Pjetur Þórðarson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að halda áfram lánveitingum úr Ræktunarsjóði Íslands.

**Ástæður.**

Atvinnumálaráðuneytið hafði á síðastliðnu hausti ákveðið að fresta útlánnum úr Ræktunarsjóði þar til Ríkisveðbankinn tæki til starfa.

Þar sem nú fyrst og fremst er óvíst, nær bankinn getur tekið til starfa, en hins vegar aldrei meiri nauðsyn en nú fyrir lánveitingar til jarðræktar, bæði af því, að bankarnir eru mjög tregir til nýrra lánveitinga, og lán til langs tíma, eins og jarðræktarlán þurfa endilega að vera, eru ófáanleg, teljum vjer sjálfsagt, að haldið sje áfram lánveitingum úr Ræktunarsjóðnum.